

JY/4.6

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S
Skýrslu gerir Arnar Jensson, aðstoðaryfirlöggreglujónn	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík - 7. apríl 2003, kl. 13.15		
Sakarefní: Ætluð umboðssvik, ætluð brot á ákvæðum laga um hlutafélög, lögum um ársreikninga.		
Sakborningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala: 270168-4509	
Starf/staða: Forstjóri	Vinnusími: 696 9999	
Löghemili: Laufásvegur 69, Rvík.	Sími:	
Dvalarstaður:	Sími:	

Jón Ásgeir er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislöggreglustjórans skv. boðun, ásamt skipuðum verjanda sínum, Helga Jóhannessyni, hrl.

Jóni Ásgeiri er kynnt að verið sé að rannsaka grun um að ólögmætar lánveitingar hafi átt sér stað af hálfu stjórnenda Baugs hf., bæði sem snúa að almennum lánveitingum og lánveitingum til hlutafjárkaupa í félagini.

Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik og/eða brot á 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995 og einnig hvort framin hafi verið brot á 36. og 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144, 1994, svo og ákvæði reglugerðar nr. 696 frá 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé ekki skylt að svara spurningum um eigið sakarefni en brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta. Viðstaddur er Sveinn Ingibert Magnússon, löggreglufullrúi.

Í upphafi yfirheyrlunnar geinir rannsóknari Helga Jóhannessyni frá því að á meðal hinna ætluðu ólögmætu lánveitinga sem þessi yfirheyrla muni snúast um séu lánveitingar til Fjárfars ehf. kt. 521198-2149, en Helgi hafi verið formaður stjórnar Fjárfars ehf. frá 29. desember 1999 til 5. mars 2002 skv. gögnum frá Hlutafélagskrá, en á þeim tíma hafi umræddar lánveitingar átt sér stað. Fyrir liggur að yfirheyra þarf Helga um þau viðskipti. Honum er bent á 2. mgr. 39. gr. laga um meðferð opinberra mála í því sambandi. Helgi víkur frá en Jón Ásgeir hringir til Gunnars Þórs Jónssonar, hdl., sem kemur.

Jón Ásgeir segist tilbúinn að tjá sig án þess að lögmaður hans sé viðstaddur, þar til hann kemur.

Yfirstjórn og framvæmdastórn Baugs hf.:

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir yfirstjórn og framkvæmdastjórn Baugs.

Hann segir að hann, sem forstjóri og Tryggvi Jónsson, sem aðstoðarforstjóri, ásamt stjórnarformanni félagsins, hist reglulega og farið yfir ýmis mál sem varðaði félagið. Hann segir reyndar hann og Tryggva hafa verið hina eiginlegu og daglegu yfirstjórn en stjórnarformanninn hefi þeir síðan hitt á vikulegum fundum þar sem þeir gerðu honum, sem ftr. stjórnarinnar grein fyrir ýmsu sem varðaði félagið. Hann segir að um mitt ár 2001 hafi þeir þrír, ásamt Jóni Björnssyni og Jóni Scheving hist sem framkvæmdastjórn en síðan hafi Jóhanna Waagförd og Árni Pétur Jónsson bæst í þann hót síðla árs 2001. Þessi skipan hafi staðið fram á mitt ár 2002.

07064

J

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir hlutverki yfirstjórnar og framkvæmdastjórnar.

Jón Ásgeir segir að framkvæmdastjórnin hafi verið sett saman af yfirmönum undirsviða Baugs hf. og þar hafi verið rædd dagleg rekstrarmál. Fundir þessa hóps hafi samt sem áður ekki verið mjög tíðir þar sem yfirstjórnin hafi dvalið langdvölum erlendis.

Hann segir að fundir yfirstjórnar hafi fyrst og fremst verið miðun upplýsinga til æðstu yfirmanna fyrirtækisins. Ekki hafi verið um skrifleg, afmörkuð starfssvið þessa hópa að ræða.

Voru tekna ákvarðanir um lánveitingar til stjórnenda og hluthafa á fundum yfir- eða framkvæmdastjórnar eða komu þau mál til umfjöllunar á þeim fundum.

Hann segir að þessir hópar hafi hvorki rætt um lánveitingar til stjórnenda né hluthafa. Hann segir að fundargerðir séu til um þessa fundi.

Kl. 13.45 mætir Gunnar Þórarinsson, hdl. Honum er gerð grein fyrir stöðu málsins. Hann er hér í þessari yfirheyrslu sem talsmaður sakbornings.

Lánveitingar til starfsmanna, stjórnenda og hluthafa Baugs hf.

Lánveitinar færðar á #67910 “Lán til framkvæmdastjóra”:

Frammi liggar greinargerð löggiltra endurskoðenda efnahagsbrotadeildar, Sifjar Einarsdóttur og Sigurðar H. Steindórsonar og þau gögn sem greinargerðin byggist á og vísað er til þar, s.s. sundurliðunarlístar og fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs Group hf.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir því hvaða lán voru færð á bókhaldslykil #67910 “*Lán til framkvæmdastjóra*”, honum kynntur kafli 1 í skýrslu endurskoðenda RLS.

Jón Ásgeir segir að hann hafi ekkert með það að gera að mótfærslan var gerð á þennan reikning.

Hann er spurður hvaða reglur hafi gilt hjá Baugi varðandi lán til starfsmanna vegna bílakaupa, þ.m.t. framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.

Hann segist ekki vita til þess að um þessi bílalán séu skriflegar reglur. Hann segir að Tryggvi Jónsson hafi komið með þá hugmynd að í stað þess að uppfylla ákvæði um að félagið legði ýmsum af stjórnendum Baugs til bíla væri skynsamlegt að lána þeim frekar til bílakaupa og þeir ættu sína bíla sjálfir. Hann segist hafa samþykkt þessa tilhögun en síðan hafi Tryggvi séð um framkvæmdina. Hann segist ekki vita um það hvernig framkvæmdin var.

Jón Ásgeir er spurður um lánakjörin, skjölin, vaxtakjör, tryggingar ofl. sem varðar lánin til bílakaupanna.

Hann segist ekki vita um það vísar á Tryggva varðandi það.

Voru þeir starfsmenn sem hafa færslur á reikninginn “Lán til framkvæmdastjóra” framkvæmdastjórar hjá Baugi.

Hann segir að þeir hafi haft það starfsheiti en ekki verið framkvæmdastjórar hjá Baugi, þeir hafi aðallega verið sviðsstjórar og framkvæmdastjórar verslana. Jón Ásgeir segir að Linda Jóhannsdóttir sé sú eina á listanum sem sé framkvæmdastjóri með prókúru en hún hafi haft það hlutverk í Dúk hf. sem er dótturfélag Baugs hf.

Frammi liggur bréf Stefáns Hilmarssonar, ytri endurskoðanda Baugs hf., dags. 18. desember 2000 til Tryggva Jónssonar, aðstoðarforstjóra Baugs hf.:
 “Endurskoðun á rekstrarkostnaði aðalskrifstofu Baugs vegna ársins 2000.”

Í kafla 4 um “Lán til starfsmanna” á bls. 4 kemur eftirfarandi fram:

“Samkvæmt bókhaldslyklinum 67910 – lán til framkvæmdastjóra – hefur félagið lánað nokkrum starfsmönnum sinum samtals um 13,0 millj. kr. Fylgiskjöl sem liggja til grundvallar færslunum eru annað hvort i formi tölvupósts eða handskrifaðra blaða. Í sumum tilfellum liggur ekki fyrir hver hefur samþykkt lánveitinguna. Í engu tilvikanna kemur fram hvenær starfsmaðurinn eigi að endurgreiða lánið eða hvort honum beri að greiða vexti af láninu. Jafnframt eru dæmi um að lánin séu umfram útborguð laun starfsmannsins á uppsagnarfrestinum. Æskilegt væri að félagið setti reglur um framangreint.”

Einnig liggur frammi greinargerð endurskoðanda Baugs, Stefáns Hilmarssonar dags. 17. maí 2002 en hún mun hafa verið kynnt stjórnum á stjórnarfundi þann 23. maí 2002. Í kafla 2 í greinargerðinni fjallar endurskoðandinn um kröfur á starfsmenn og bendir á að þann 31.12. 2001 séu þær samtals kr. 37.367.000. Jafnframt tekur hann fram að kröfurnar hafi ekki verið vaxtareiknaðar og endurgreiðslutími liggi ekki fyrir.

Athugun á bókhaldi Baugs hf. sýnir að engin breyting hefur orðið á frágangi þessara lánveitinga þrátt fyrir athugasemdir endurskoðandans. Svo virðist sem staða þessara mála hafi verið óbreytt þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húsleit á starfsstöð Baugs og bókhaldsgerfi félagsins afritað.

Jón Ásgeir er spurður hvers vegna ekki hafi verið búið að lagfæra þessi mál.

Jón Ásgeir segir að það hafi einfaldlega ekki komist í verk.

Í greinargerð Stefáns Hilmarssonar, dags. 17. maí 2002 – skjal II/26.1.3 – kemur fram: “Fjármálastjóri félagsins hefur að undanförfnu unnið að uppgjöri á kröfunum og að þær verði settar á skuldabréf sem seld verði í banka.”

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir því sem þarna kemur fram og bent á að þegar lögreglan gerði húsleit á starfsstöð Baugs hafi engin af þeim lánum sem færð eru á #67910 verið frágengin.

Hann segist ekki vita annað svar við því en að það hafi einfaldlega ekki komist í verk.

Hann er spurður hvort lagðar hafi verið fram einhverjar tryggingar fyrir endurgreiðslum þeirra lána sem stjórnendum hjá Baugi voru veitt og færð voru á #67910.

Hann segist ekki vita það.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann þekki ákvæði 104. gr. laga um hlutafélög varðandi óheimilar lánveitingar til framkvæmdastjóra hlutafélaga.

Hann segist ekki hafa þekkt þetta ákvæði fyrr en Tryggvi Jónsson sendi honum tölvupóst um það efni. Hann segist ekki muna hvenær það var.

Hann er spurður hvort hann hafi álítið að lánveitingar til stjórnenda og færðar voru á #67910 væru heimilar og hvort það hafi ekki komið til skoðunar hjá félaginu hvort þær brytu í bága við ákvæði 104. gr.

Hann segist ekki kannast við það áður en endurskoðandi félagsins ritaði bréf dags. 17. maí 2002.

Lánveitingar sem færust á #74310 “Eigendur og stjórnendur – safn” og önnur lán til stjórnenda og hluthafa Baugs hf.:

Jóni Ásgeiri er kynnt að við húsleit á starsstöð Baugs hf. þann 28. ágúst sl. þegar afrit var tekið af bókhaldskefni félagsins hafi komið í ljós að nokkrum hluthöfum hafa verið veitt lán hjá féluginu og skulduðu verulegar fjárhæðir á viðskiptareikningum sínum. Um er að ræða bæði einstaklinga og félög. Rannsókn hafi farið fram á þessum þætti. Hluti þessara lánveitinga er tilkominn vegna hlutabréfakaupa í féluginu sjálfu.

Að hluta til hafa þessar lánveitingar færst á safnlykilinn #74310 “Eigendur og stjórnendur – safn” en lánveitingar til félaga hafa ekki verið færðar á þann lykil.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir því hvað færðist bókhaldslykil #74310 “Eigendur og stjórnendur - safn”. Vísad er í fyrrgreinda greinargerð endurskoðenda RLS þar sem tekinn er saman kafli um færslur á þennan lykil.

Hann segist ekki hafa komið nálægt því að skilgreina hvað safnaðist upp á þennan lykil. Hann segir að við skoðun á stöðu lykilsins þann 28. ágúst 2002 sem sett er upp í skýrslu endurskoðenda RLS á bls. 5 að hér sé um að ræða stjórnendur Baugs.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir lánveitingum til starfsmanna og stjórnenda Baugs hf. til hlutabréfakaupa, skv. kaupréttaráætlun og kaupréttarsamningum.

Hann segir að stjórn félagsins hafi samþykkt kaupréttaráætlun seinnihluta ársins 2000 sem kaupréttarsamningarnir hafi verið gerðir eftir. Stjórnendum og síðan öllum starfsmönnum fyrirtækisins hafi verið boðið að kaupa hlutabréf með lánum. Lánin hafi verið sett á skuldabréf með veðum í bréfunum sjálfum. Jón Ásgeir segir að ríkisskattstjóri hafi samþykkt þessa kaupréttaráætlun. Þessi áætlun var gerð í tengslum við hlutafjáruaukningu sem gerð var lok ársins 2000.

Jón Ásgeir er spurður hvort fyrir hafi legið heimild frá stjórnendum Baugs hf. til annarra lánveitinga til stjórnenda eða hluthafa vegna hlutabréfakaupa en sem veittar voru skv. fyrrgreindum kaupréttarsamningum.

Hann segist ekki muna hvort það hafi verið.

Jón Ásgeir er spurður hvort starfsmenn, stjórnendur og/eða hluthafar í Baugi hf. hafi fengið lán hjá Baugi til hlutabréfakaupa, önnur en þau sem fylgdu kaupréttaráætlun sem samþykkt var af stjórn félagsins og ríkisskattstjóra og gerðir voru kaupréttarstamningar við starfsmenninga um.

Hann segir að í einhverjum tilfellum hafi það gerst en þá hafi það verið fært á viðskiptareikninga viðkomandi aðila í bókhaldi Baugs.

Jón Ásgeir er spurður hver/hverjir hafi tekið ákvörðun/ákvaðanir um að veita lán til hlutabréfakaupa utan fyrrgreindra kaupréttarsamninga.

Hann segir að það hafi ekki legið neinar sérstakar ákvarðanir um það. Í þeim tilfellum sem þetta gerðist hafi staðið til að ganga fljótlega frá greiðslum á hlutafé en síðan hafi það dregist án þess að sérstök ákvörðun hafi verið tekin um að greiða ekki.

Jóni Ásgeiri er kynntur kafli 3.1 á bls. 23 og áfram í greinargerð endurskoðenda RLS þar sem fjallað er um lánveitingar til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.

Fram kemur þar að þann 28. ágúst 2002 var staðan á viðskiptareikningi Gaums í bókhaldi Baugs kr. 244.347.997.

Einnig kemur fram í kafla 3.2 á bls. 28 og áfram að Fjárfar ehf. hafa verið lánaðar verulegar fjárhæðir m.a. til hlutabréfakaupa.

Þá ber viðskiptareikningur Kaupþings hf. með sér að því félagi, sem er einn að stærslu hluthöfum í Baugi hf. hafa verið lánaðar verulegar fjárhæðir til hlutafjárkaupa.

(Síðar í yfirheyrslunni verður fjallað sérstaklega um lánveitingar til hvers aðila.)

Jón Ásgeir er spurður hvort þeim sem ákvarðanir tóku um að veita lán til hlutabréfakaupa utan kaupréttarsamninganna hafi ekki verið kunnugt um að slíkt gæti værið andstætt 104. gr. laga um hlutafélög.

Hann segir að þegar ákvarðanir voru teknar um að fára hlutabréfakaup þessara aðila inn á viðskiptareikningana hafi honum ekki verið kunnugt um 104. gr. laga um hlutafélög og að þessi háttur gæti stangast á við lög. Hann bendir á í skýrslu endurskoðanda Baugs fyrir árið 2000 séu ekki gerðar athugasemdir við færslur á viðskiptareikning Kaupþings hf., sem voru komnar þegar skýrslan var send Tryggva Jónssyni.

Var stjórn félagsins, fyrir stjórnarfundinn 23. maí þegar greinargerð endurskoðanda Baugs hf. var kynnt, kunnugt um að ýmsir aðilar tengdir Baugi hf., þ.á.m. Gaumur, Jón Ásgeir, Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Kaupþing hf., Fjárfar ehf. ofl. hefðu fengið lán til hlutafjárkaupa í Baugi hf.

Hann segir að stjórnin hafi samþykkt kaupréttaráætlun á árinu 2000 og því verið kunnugt um að stjórnendur hafi verið að fá lánað til hlutabréfakaupa. Hann segist ekki vita hvort stjórninni var kunnugt um að fyrrgreind félög fengu lán til hlutabréfakaupa.

Jón Ásgeir er þá spurður hvort lánveitingar til hans, Jóhannesar og Kristínar hafi verið skv. kaupréttaráætluninni.

Hann segir að með kaupréttaráætluninni hafi þau talið að heimildin til að fá lánað, væri komin. Hins vegar hafi átt að gera það upp með öðrum hætti.

Jón Ásgeir er spurður hvort honum hafi borist athugasemdir frá stjórnendum og/eða stjórn varðandi lánveitingar til stjórnenda og/eða hluthafa Baugs hf. fyrir bréf endurskoðanda dags. 17. maí.

Hann segir að Tryggvi Jónsson hafi gert athugasemdir í fyrrgreindum tölvupósti og Jóhanna Waagfjörð hafi í einhver skipti reynt að innheimta kröfur, eins og aðrar kröfur.

Honum er kynnt útprentun á tölvupósti frá Lindu Jóhannesdóttur, fjármálastjóra dags. 9. og 10. janúar 2001 þar sem hún gerir m.a. fyrirspurn til Jóns Ásgeirs hvenær hlutafé sem hann og aðilar tengdir honum átti ógreitt vegna hlutafjáraukningar sem Íslandsbanki sá um framkvæmda á í lok ársins 2000, verði greitt. Hann er spurður hvaða skýringar hann hafi gefið fjármálastjóranum eða öðrum stjórnendum Baugs vegna þessa.

Jón Ásgeir segist ekki muna hvernig þetta var afgreitt. Hann segist telja að hún sé að ýta á eftir þessu vegna "cashflow" þar sem hana hafi vantað peninga.

Í tölvupósti Tryggva Jónssonar til Lindu þann 10. janúar kemur fram að Jón Ásgeir hafi verið að ræða einhverjar hugmyndir við Tryggva um greiðslu hlutafjárlins. Hann er beðinn að gera grein fyrir þeim viðræðum og samningum sem gerðir voru um greiðslu hlutafjárlins.

Jón Ásgeir segist ekki muna hvaða hugmyndir hann var að viðra við Tryggva.

Jóni Ásgeiri er einnig kynntur tölvupóstur frá Lindu, fjármálastjóra til TJ og hans sjálfs, dags. 14. ágúst 2001, þar sem Linda gerir athugasemdir til þeirra m.a. vegna skuldastöðu á "Lán til framkvæmdastjóra", Fjárfars ehf., Gaums, Jóhannesar, Kristínar og Jóns Ásgeirs, m.a. vegna hlutafjárkaupa þessara aðila.

Fram kemur eftirfarandi skuldastaða sem Linda gerir athugasemdir við:

Kaupþing hf.	kr. 191.000.000
Lán til framkv.stj.	kr. 28.000.000
Fjárfar	kr. 218.000.000
Hreinn Loftsson	kr. 2.000.000
Gaumur	kr. 264.429.882
Jón Ásgeir	kr. 25.067.180
Kristín	kr. 3.786.727
Jóhannes	kr. 17.039.530

Jón Ásgeir er spurður hver hafi verið hans viðbrögð við þessum athugasemdum fjármálastjórans, sem hún er að gera í tengslum við 6 mánaða uppgjör 2001.

Hann segist ekki muna eftir þessu.

Jóhanna Waagfjörð sem tók við sem fjármálastjóri Baugs hf. 1. september 2001, hefur greint frá því í skýrslu hér hjá efnahagsbrotadeild að fljótlega eftir að hún hóf störf hafi henni orðið ljóst að um ólögmætar lánveitingar til ýmissa stjórnenda og hluthafa Baugs hf. hefði verið að ræða og hafi strax þá gert yfirmönum sínum grein fyrir því, gert athugasemdir við þessi lán og óskað eftir því að fá að innheimta þau. Yfirmenn hennar, Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir hafi hins vegar ekki heimilað það. Jón er spurður hvort það sé rétt.

Hann segist aldrei hafa heyrt frá henni að til greina kæmi að þessar lánveitingar væru ólögmætar. Hann segist ekki kannast við að hann hafi bannað henni að innheimta kröfurnar en verið geti að hann hafi t.d. sagt að yfir þetta þyrfti að fara og hún þá ekki farið í innheimtuaðgerðir.

Jóni Ásgeiri er kynntur tölvupóstur frá Jóhönnu dags. 3. október 2001 til TJ og JÁJ sem ber heitið "Viðskiptakröfur". Þar gerir hún þeim grein fyrir skuldastöðu Gaums, JÁJ, JJ, KJ, Fjárfars og ISP hf., m.a. vegna hlutafjárkaupa. Hún kallar eftir svörum um það hvort hún megi innheimta skuldirnar.

Þann 4. október svarar Jón Ásgeir henni með tölvupósti þar sem fram kemur að hann leggi til að "ég klári þessa hluti í samráði við TJ." Jón Ásgeir er spurður hvernig þessir "hlutir" voru kláraðir.

Jón Ásgeir segir að hann hafi verið með vitneskju um ávkeðnar tölur þarna sem Jóhanna var ekkert inni í, s.s. kr. 100.000.000 sem voru vegna viðskipta við Reidar Narvesen sem ekkert komu hlutafjárvíðskiptum við. Þess vegna segist hann hann hafa afgreitt erindi Jóhönnu á þennan hátt.

Jóni Ásgeiri eru kynntir tveir tölvupóstar á milli TJ og Stefáns Hilmarssonar, endurskoðanda, en afrit af póstunum voru send JÁJ, JW og Írisi. Póstarnir eru dagsettir 26. nóvember 2001. Í póstunum kemur fram að Stefán hefur verið að kalla eftir því hvenær og hvernig Gaumur og Fjárfar mundu gera upp skuldir sínar, m.a. vegna lánveitinga til hlutafjárkaupa. Fram kemur að verið sé að vinna í skuldamálum Gaums og skuld þess félags við Baug verði að mestu upp gerð fyrir árslok. Varðandi Fjárfar kemur

fram að hluti viðskiptanna verði bakfærð en gefið verði út skuldabréf fyrir því sem eftir stendur til 5 ára. Nú er ljóst að þann 28. ágúst 2002 hafði þetta ekki gengið eftir. Jón Ásgeir er spurður hvers vegna.

Jón Ásgeir segir að Gaumur hafi gert upp sína skuld fyrir lok rekstrarársins en varðandi Fjárfar ehf. segir hann að uppgjör hafi dregist. Hann bendir á að miklar annir hafi verið vegna yfirtöku í Arcadia og fleiri verkefna og yfirstjórn mjög mikið erlendis. Um hafi verið að ræða mjög stór viðskipti sem yfirstjórn Baugs var að gera, hlutirnir hafi gengið hratt fyrir sig og verið geti að einhver af innri málum félagsins hafi verið latin sitja á hakanum af þeim sökum.

Jóni Ásgeiri eru kynntir eftirfarandi tölvupóstar á milli hans og Tryggva Jónssonar varðandi lánveitingar til stjórnenda og hluthafa:

TJ til JÁJ dags. 13. apríl 2002:

Sæll Jón.

Við ræddum um það á fundi fyrir skömmu hvort lán til Gaums væru í samræmi við lög eða ekki. Svona litur þetta út:

Í 104. gr. Hlutafélagalaganna segir:

"Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastórum félagsins eða móðurfélagi þess lán né setja tryggingu fyrir þá."

Pá kemur einnig fram í sömu grein að:

"Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félagini eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag."

Loks er búið að setja inn nýtt ákvæði í skattalög þar sem fram kemur að lán félags til hluthafa þess eða framkvæmdastjóra sbr. 104. gr. hlutafélagalaga, beri að skattleggja sem gjafir hjá þeim.

Nauðsynlegt er því að við finnum nýjan flót á stöðu á viðskiptareikningum, því auk þessa þá ber einnig að geta í ársreikningi fjárhæð lána til stjórnar og stjórnenda.

Heyri frá þér. Kveðja Tryggi

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þeim viðræðum sem Tryggvi vitnar hér til um það hvort lán til Gaums væru í samræmi við lög eða ekki og hvernig hann hafi brugðist við þessum ábendingum Tryggva.

Jón Ásgeir segir að skömmu fyrir þetta hafi hann, Tryggvi og Stefán Hilmarsson hist og rætt um það hvort lánveitingar til Gaums væru heimilar skv. lögum. Hann segir að þá hafi honum fyrst verið gerð grein fyrir ákvæðum í hlutafélagalögum um að sumar lánveitingar væru óheimilar.

JÁJ til TJ dags. 13. apríl 2002 – svar við fyrri pósti:

Tryggvi eins og ég hef marg oft sagt þér mun yfirtakan á eignarhluta Gaums í Smáralind verða til þess að þessir reikningar verða á 0 punkti. Hef beðið Kaupþing að gera verðmat á þessum hlut. Er á bilinu 300-400 milljónir.

Lít á þennan póst sem léttá hótun

kv jaj

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir því sem fram kemur í tölvupóstinum.

Hann segir að stefnt hafi verið að því að Baugur eignaðist Smáralind hf. sem var í eigu Gaums að stórum hluta. Hans hugmynd hafi verið sú að Kaupþing hf. gerði verðmat á Smáralind og Baugur síðan eignast félagið til þess að kvitta út viðskiptareikning Gaums.

TJ til JÁJ dags. 13. apríl 2002 – svar við fyrri pósti:

Jón.

Þú mátt líta á hvað sem þú vilt sem léttá hótun. Í þessum pósti fólst þó ekkert annað en svar við því sem þú spurðir um á fundi okar inni í stóra fundarherbergi fyrir nokkru. Þar vorum við að ræða þessa skuld og þú sagðir að þér kæmi það á óvart ef hún væri brot á lögum. Ákváðum við að ég mundi finna hvar þetta stæði í hlutafélagalögnum. Er það síðan orðin léttá hótun?

Í póstinum var ég að segja að við (ekki þú) þyrftum að finna leiðir. Smáralindarpakkinn er stjórnarmál og mun því taka einhvern tíma. Þess vegna vildi ég fara aðra leið þegar þú fekkst 15 kallinn. Vantar enn gögn til að klára það. Sú leið er fær, díllin síðan látinna ganga til baka og allir happy.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir því sem hér kemur fram varðandi “15 kallinn”.

Jón Ásgeir segist ekki muna hvað Tryggvi er að tala um.

Jón Ásgeir er spurður hvort þær vangaveltur hafi komið upp á tilvísuðum fundi hans og Tryggva um að skuld Gaums ehf. væri lögbrot.

Hann segir að það hafi greinilega komið upp á þessum fundi. Hann segir að tilefni fundar þeirra þriggja hans, Tryggva og Stefáns, hafi verið skilaboð sem Hreinn bar þeim eftir fund hans með Davíð Oddssyni, forsetisráðherra á fundi þeirra í London. Hreinn hafi greint stjórnendum Baugs frá því að Davíð hafi gefið í skin að fyrirtækið mætti eiga von á einhverjum aðgerðum frá opinberum aðilum og því hafi farið af stað skoðun á því hvort allt stæðist ekki skoðun varðandi rekstur fyrirtækisins. Þá hafi menn minnst á 104. grein hlutafélagalaga.

Sama dag:

sammála fór aðeins og geyst eins og gerist oft á e-mail

sorry

jaj

Sama dag:

Gerðist síðast hjá Össuri, eins og frægt er orðið. Ekkert mál, við klárum þetta eins og annað. Í gvust friði og mínum lika. Tryggvi

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir því hvernig þetta mál var klárað, eins og síðasti tölvupósturinn ber með sér.

Hann segir að málið hafi verið klárað þann 20. maí þegar víxill hafi verið gefinn út af hálfu Gaums ehf. fyrir heildarskuldninni. Jón Ásgeir tekur fram að hugmyndirnar um Gaumur greiddi Baugi með Smáralind hafi ekki verið útilokaðar með þessu en þá hefði víxillinn gengið til baka.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi gert stjórninni grein fyrir umræðum um að skuld Gaums ehf. væru hugsanlega í andstöðu við hlutafélagalög.

Hann segist ekki hafa gert það en það hafi komið fram í bréfi endurskoðanda félagsins dags. 17. maí.

Jón Ásgeir er spurður hvort gengið hafi verið frá lánveitingum til stjórnenda og hluthafa á #74310 og öðrum lánveitingum til hluthafa – skjallega eða tryggingar settar fram af þeirra hálfu fyrir greiðslum.

Hann segir að skriflegir samningar hafi ekki verið gerðir um þessi mál, þau hafi byggst á trausti á milli aðila.

Fyrir liggur að stjórnarformaður Hreinn Loftsson fól Stefáni Hilmarssyni endurskoðanda Baugs hf. með bréfi dags. 29. janúar (sem Jón Ásgeir forstjóri fékk frumrit af) að yfirlara og rita greinargerð m.a. um viðskipti við hluthafa félagsins, sem endurskoðandinn svaraði með bréfi til Jóns Ásgeirs dags. 17. maí 2002. Jón Ásgeir er spurður hvert hafi verið tilefni þess erindis stjórnarformannsins.

Tilefnið voru fyrrgreindar hótanir Davíðs Oddssonar sem fram komu á fundi þeirra Hreins nokkrum dögum fyrir dagsetningu bréfsins.

Vísað er í fyrrgreint bréf Stefáns Hilmarssonar til Jóns Ásgeirs, forstjóra Baugs hf., dags. 17. maí 2002 (svar við fyrrgreindu erindi HL) á bls. 1 þar sem fram kemur: "*Hluthafarnir hafa að þeirra sögn samið um fullnaðaruppgjör á skuldum sínum við Baug hf., með sölu á tilteknum eignum, en skjalafrágangi er ekki lokið.*"

Jón Ásgeir er beðinn að skýra það sem hér kemur fram.

Hann segir að hér sé Stefán að vitna í að búið hafi verið að ganga frá því að Gaumur mundi greiða Baugi með hlutabréfum í Smáralind hf.

Jóni Ásgeiri eru kynnt gögn sem innra estirlit Baugs hf. afhenti rannsóknara með bréfi dags. 28. mars 2001:

- Tölvupóstar dags. 3. og 4. september 2002
- Víxill dags. 20. maí 2002
- Kvittun fyrir innleggi á reikning Baugs hf. hjá Íslandsbanka kr. 336.808.000

Hann er fyrst spurður um fyrrgreinda tölvupósta en skv. þeim hefur endurskoðandi Baugs hf. sundurliðað skuldir Gaums ehf., Jóhannesar Jónssonar, Kristínar Jóhannesdóttur og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar frá Kristínu og sent það á fjármálastjóra Baugs hf sem ráðstafaði andvirði víxlsins skv. þessari sundurliðun. Athygli vekur að reiknaðir eru 7 % vextir til 5. september og skv. því gert ráð fyrir að lánveitingarnar til fyrrgreindra standi fram á þann dag.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir móttöku, meðferð og færslum í bókhaldi vegna víxls að fjárhæð kr. 336.808.000, sem færður var í bókhaldi Baugs hf. þann 5. september 2002.

Jón Ásgeir segir að víxill hafi borist frá Gaumi um 20. maí en fyrir stjórnarfundinn 23. maí. Hann segist hafa móttekið víxilinn og sett hann í skáp á skrifstofunni sinni. Hann segist hafa greint Tryggva Jónssyni frá því að víxillinn hefði borist. Hann segist halda að Stefán endurskoðandi hafi vitað að víxillinn var kominn í hendur hans fyrir stjórnarfundinn 23. maí. Jón Ásgeir segist hafa látið víxilinn í hendur Jóhönnu Waagfjörð sem hafi látið bóka hann í bókhaldi fyrirtækisins um svipað leyti og greiðsla barst eða um 5. september.

Hvers vegna var víxillinn ekki strax færður í bókhaldinu hann barst í hendur hans/Baugs.

Jón Ásgeir segir að ákveðið hafi verið að halda þeim möguleika opnum að ganga frá skuld Gaums með hlutabréfum í Smáralind en víxillinn hafi verið til staðar hjá honum á meðan sú leið yrði fullreynd. Frá þeirri leið hafi síðan verið fallið þar sem stjórnin hafi ekki samþykkt að taka hlutabréfin í Smáralind og þá hafi víxill verið greiddur á gjalddaga.

Jóni Ásgeiri er kynnt að svo virðist sem stjórnendum Baugs hf. hafi ekki verið kunnugt um þennan víxil fyrr en þann 4. september 2002 og engin gögn í skjalasafni eða bókhaldi félagsins gefi til kynna að víxill þessi hefði verið móttékinn fyrr en 4. september 2002. Honum eru kynnt að af tölvupóstum á milli fjármálastjóra og aðstoðarforsjóra t.d. 9. til 15. ágúst 2002 virðist vera að þeim hafi algerlega verið

ókunnugt um þennan víxil. Jón Ásgeir er í því ljósi spurður hvort umræddur víxill hafi borist til félagsins í september 2002.

Hann segir að víxillinn hafi verið kominn í sínar hendur fh. Baugs fyrir stjórnarfundinn 23. maí og Tryggva hafi verið fullkunnugt um það. Hann segist því ekki skilja hvað Tryggvi er að fara í samskiptum sínum við fjármálastjóranum í þessum tölvupóstum.

Jóni Ásgeir er bent á að skv. skyringu endurskoðanda Baugs hf. í bréfi hans dags. 17. maí á fullnaðaruppgjöri á lánveitingum til hluthafa, sem gefin var stjórn á stjórnarfundinum 23. maí, hefði verið samið um fullnaðaruppgjör “... með sölu á tilteknum eignum... ”. Nú sé Jón Ásgeir að upplýsa það að fullnaðaruppgjör hluthafa hafi ekki falist í því heldur að lagður hafi verið fram víxill sem trygging fyrir uppgjörinu. Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi upplýst stjórnina um þessa breytingu.

Hann segir að í hans huga sé víxillinn fullnaðaruppgjör og hann hafi því ekki talið að ástæða væri til að skýra það frekar fyrir stjórninni. Hann vísar í það sem hann áður hefur greint frá varðandi tilraunir til að gera upp skuld Gaums með hlutabréfum í Smáralind.

Jón Ásgeir er beðinn að skýra það að endurskoðandi félagsins reiknar 7% vexti á kröfurnar á viðskiptareikningum Gaums ehf., Jóhannesar, Kristínar og hans sjálfs til 5. september og aðeins frá 20. maí.

Hann segist ekki vita það, Stefán hafi átt að sjá um útreikning á þessari kröfu.

Jón Ásgeir er spurður hvort, með greiðslu hans á heildarfjárhæðinni sem stóð á viðskiptareikningi hans þann 5. september, hafi falist samþykki hans á því að á viðskiptareikning hans hjá Baugi hf. hefði verið færður kostnaður sem tilheyrði honum sjálfum en ekki féluginu.

Hann segir að hann hafi viljað greiða alla kröfuna en síðan standi til að yfirfara fjárhæðirnar og leiðréttu.

Frammi liggur fundargerð stjórnar Baugs hf. dags. 23. maí 2002. Fjallað er um lið 3 í fundargerðinni. Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir því sem bókað er í lok 1. mgr. “*Loan to shareholders, invoices not approved by management and the Sweden operation were the main complaints and were all taken care of.*”

Hann er beðinn að skýra “...were all taken care of.”

Hann segir að þarna sé verið að vísa til uppgjörsins sem endurskoðandinn gerir grein fyrir í bréfi sínu dags. 17. maí og hann hafi síðan staðfest á fundinum að væri uppgert. Jón Ásgeir vísar einnig í 3 mgr. liðs 3 í fundargerðinni þar sem hann leggur áherslu á að slíta þurfi öll tengsl á milli Baugs og Gaums.

Gert er stutt hlé kl. 16.15.

Yfirheyrlu haldið áfram kl. 16.25.

Ætluð brot á ákvæðum laga um ársreikninga nr. 144, 1994 og reglugerð nr. 696, 1996:

Jón Ásgeir er spurður hvort honum sé ekki kunnugt um skyldur þess að geta, í ársreikningi eða skyringum, um fjárhæðir lána sem veitt eru félagsaðilum og stjórnendum félags svo og um vexti og greiðslukjör lánanna, skv. 43. gr. laga um ársreikninga og 26. gr. reglugerðar nr. 696, 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Hann segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það en hann hafi fengið til starfa sérfræðinga sem hann hafi treyst að mundu sjá til þess að reikningar félagsins væru réttir. Þar á hann við endurskoðendur félagsins.

Hann er spurður hvers vegna lánveitinganna hafi ekki verið getið í ársreikningnum eða skýringum með ársreikningnum fyrir rekstrarárin 1999, 2000, og 01.01. 2001 til 28.02. 2002.

Hann hafi ekki haft vitneskju um það.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Stefán Hilmarsson, endurskoðandi Baugs hf., hafi fullyrt í sinni framburðarskýrslu hjá lögreglu að vegna skyrrar afstöðu Jóns Ásgeirs að sérgreina ekki lánveitingar sem skráðar voru á viðskiptareikninga stjórnenda og hluthafa í ársreikningunum, hafi það ekki verið gert, þrátt fyrir fyrrgreind ákvæði laga um ársreikninga.

Honum er einnig kynnt að Anna Þórðardóttir, endurskoðandi, hafi greint frá því að vegna afstöðu Jóns Ásgeirs, sem hún segi að Stefán hafi kynnt sér, hafi hún fallist á að sérgreina ekki lánveitngarnar í ársreikningum og árita hann án fyrirvara.

Hann er spurður hvort það sé rétt hann hafi lagt áherslu á að lánveitingar til stjórnenda og hluthafa Baugs hf. yrðu ekki sérgreindar í ársreikningunum. Ef svo er, er hann beðinn að skyra það.

Hann segir það alveg skýrt að hefði honum einhvern tímann verið sagt að það væri hugsanlega lögbrot að tilgreina ekki lánveitingar til stjórnenda eða hluthafa í ársreikningnum, hefði hann séð til þess að það væri gert. Hann segist engan hag hafa af því að tilgreina ekki þessi lán í ársreikningunum og því enga ástaðu til þess að gera það ekki.

Hann segir að einhvern tímann fljótlega eftir stofnun Baugs hf. hafi komið upp umræða á milli þeirra Stefáns um það hvort skuldir á viðskiptareikningum stjórnenda og hluthafa væru viðskiptalán eða ekki. Jón Ásgeir hafi þá sagt Stefáni að um viðskiptalán væri að ræða og Stefán þá tekið ákvörðun um að því ætti ekki að taka þau fram í ársreikningi.

Lánveitingar til einstakra stjórnenda Baugs Group hf.:

Frammi liggar greinargerð löggilttra endurskoðenda efnahagsbrotadeildar, Sifjar Einarsdóttur og Sigurðar H. Steindórsdóttur og þau gögn sem greinargerðin byggist á og vísað er til þar, s.s. sundurliðunarlistar og fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs Group hf.

Óskar Magnússon, stjórnarformaður:

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir láni og færslum á láni til Óskars Magnússonar að fjárhæð kr. 4.000.000 sem fært var á viðskiptareikning hans 31.12. 1999.

Jón Ásgeir segir að hér sé um að ræða lán til bílakaupa til Óskars. Baugur hafi lánað honum þessar 4 milljónir sem hafi verið afskrifað með starfslokasamningi við hann. Hann segir að Baugur hafi fyrst keypt þennan bíl og látið Óskari í té en í starfslokasamningi Óskars hafi verið ákvæði um að hann keypti bílinn af Baugi með láni að fjárhæð kr. 4.000.000. Lánið er síðan afskrifað í sama starfslokasamningi.

Hver/hverjur tóku ákvörðun um þessa lánveitingu?

Hann segir að hann hafi gert það.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi talið að þessi lánveiting væri lögmæt.

Hann segir að hann hafi ekki verið í vafa um að þetta væri heimilt.

Jóhannes Jónsson, stjórnarmaður:

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir láni til Jóhannesar að fjárhæð kr. 17.039.530 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Jóhannesar.

Hver/hverjir tóku ákvörðun um þessa lánveitingu?

Hann segir að það hafi í raun engin ákvörðun tekin um það heldur hafi hann litioð þannig á að þessi hlutabréfaviðskipti væru innan sama ramma og stjórnin var búin að samþykkja með kaupréttaráætluninni, þrátt fyrir að hér hafi ekki verið fylgt sömu framkvæmd.

Kristín Jóhannesdóttir, stjórnarmaður:

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir láni til Kristínar að fjárhæð kr. 3.786.727 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Kristínar.

Jón Ásgeir segist vísa í fyrra svar.

**Jón Björnsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa frá 1998 til des. 2000
framkvæmdastjóri Baugs-Island frá des. 2000:**

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir viðskiptum við Jón Björnsson með bifreiðina UX-970 en skv. bókhaldi Baugs var bókfært verð bifreiðarinnar kr. 3.712.273. Baugur virðist hafa selt Jóni bifreiðina á kr. 2.700.000 sem Jón greiddi með greiðslu skuldar Baugs við Heklu að fjárhæð kr. 1.430.000 og láni að fjárhæð kr. 1.270.000.

Hann segist halda að Tryggvi hafi gengið frá þessu við Jón Björnsson.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu til Jóns Björnssonar dags. 10.06. 1999 að fjárhæð kr. 5.100.000 en greiðslan var bókuð á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra.

Jón Ásgeir er spurður hvernig þessi lánveiting hafi komið til og hver hafi tekið ákvörðun um hana.

Jón Ásgeir segir að hér sé um bónusgreiðslu/kaupauka að ræða skv. starfssamningi við Jón vegna afkomu Hagkaupa fyrir árið 1998.

Jón Ásgeir er spurður hvernig frá þessu hafi verið gengið í bókhaldi Baugs og hvers vegna þetta hafi verið fært á viðskiptareikning hans.

Hann segist ekki vera viss um það, finnst líklegast að ekki hafi verið alveg ljóst hjá starfsfólki bókhaldsdeildar hvað var um að ræða og því fært á viðskiptareikning hans.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu til Jóns Björnssonar að fjárhæð kr. 3.000.000 þann 05.05. 2000 sem bókuð var á "Lán til framkvæmdastjóra".

Hann segir að hann muni ekki hvað þetta er.

**Jón Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri til maí 2002
framkvæmdastjóri Baugs-ID frá 2002:**

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir lánveitingum sem bókaðar eru á bókhaldslykilinn #74310 "eigendur og stjórnendur" en staðan á þeim lykli var kr. 332.590 þann 28.08. 2002 þegar starfsmenn

efnahagsbrotadeildar RLS tóku afrit af bókhaldskerfi Baugs Group hf. í húsleit á starfsstöð fyrirtækisins. Vísað er til sundurliðunar.

Hann segist ekki vita um þetta.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu að fjárhæð kr. 6.800.000 sem bókuð var á #67910 "Lán til framkvæmdastjóra" dags. 9. júlí 2001.

Jón Ásgeir segir að hér sé um bónusgreiðslu/kaupauka að ræða sem hafi verið bókað inn á viðskiptareikning Jóns Scheving. Hann segist líta þannig á þessa greiðslu að um nettógreiðslu sé að ræða en eftir hafi átt að ganga frá launamiða hjá Baugi og skila staðgreiðslu af greiðslunni.

Hvers vegna var ekki búið að ganga frá launamiða og skila staðgreiðslu skatta.

Hann segist ekki geta skýrt það öðruvísi en að farist hafi fyrir að ganga frá þessu.

Kristjón Grétarsson, framkvæmdastjóri Arcadia Svíðþjóð:

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu sem bókuð er á lykilinn #67910 "Lán til framkvæmdastjóra" fjárhæð kr. 2.468.268. Vísað er til skýrslu endurskoðenda RLS og tilvísadra gagna þar sem hér liggja öll frammi.

Jón Ásgeir er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að lána Kristjóni þessa fjárhæð og hvað hafi ráðið því að lánið var fært á fyrrgreindan lykil í bókhaldinu.

Hann segir að þetta sé bílalán sem Kristjón hafi fengið. Hann segir að spurður að hann muni ekki hver hafi samið við hann um þetta.

Árni Pétur Jónsson,

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu sem bókuð er á lykilinn #67910 "Lán til framkvæmdastjóra" dags. 02.03. 2001, fjárhæð kr. 5.000.000. Vísað er til skýrslu endurskoðenda RLS og tilvísadra gagna þar sem hér liggja öll frammi.

Jón Ásgeir er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að lána Árna Pétri þessa fjárhæð og hvað hafi ráðið því að lánið var fært á fyrrgreindan lykil í bókhaldinu.

Hann segir að hér sé um að ræða bónusgreiðslu/kaupauka. Hann segist hafa samið við Árna Pétur og ákveðið að greiða honum þessa fjárhæð.

Bryndís Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri Debenhams á Íslandi:

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir lánveitingu sem bókuð er á lykilinn #67910 "Lán til framkvæmdastjóra" dags. 15.06. 2001, fjárhæð kr. 1.000.000. Vísað er til skýrslu endurskoðenda RLS og tilvísadra gagna þar sem hér liggja öll frammi.

Jón Ásgeir er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að lána Bryndísi þessa fjárhæð og hvað hafi ráðið því að lánið var fært á fyrrgreindan lykil í bókhaldinu.

Hann segir að þetta sé bílalán og Tryggvi Jónsson hafi samið við Bryndísi og veitt henni þetta lán.
Jón Ásgeir segir að það hafi verið sameiginlegur skilningur á þessu máli og þetta húsnæði hafi verið notað sem sameignleg geymsla beggja félaga. Hann kveðst ekki muna það nú hvort gerður hafi verið skriflegur samningur varðandi þessi viðskipti, en þetta hafi allt legið ljóst fyrir.

Jón Ásgeir er spurður hvort Baugur Group hf. hafi fjármagnað kaup Gaums ehf. á húsnæði að Viðarhöfða 6, Reykjavík með lánveitingu að fjárhæð kr. 4.500.000,00 dags. 11. október 1999.

Jón Ásgeir kveðst vísa í ofangreind svör sín varðandi þetta.

Jón Ásgeir er spurður hver eða hverjir hjá Baugi Group hf. hafi tekið ákvörðun um greiðslu að fjárhæð kr. 4.500.000,00 til Gaums ehf. dags. 11. október 1999.

Jón Ásgeir kveðst vísa til fyrri svara sinna og hafi engu við það að bæta.

Spurt er hvort nefnd greiðsla að fjárhæð kr. 4.500.000,00 dags. 11. október 1999 hafi verið borin undir stjórn Baugs Group hf. eða einstaka meðlimi stjórnar.

Jón Ásgeir kveðst minnast þess að þetta mál hafi einhvern tíma verið rætt milli stjórnarmann í Baugi, en muni það ekki svo náið að geta gert nákvæmari grein fyrir því.

Jón Ásgeir er spurður hvort legið hafi fyrir heimild frá stjórn Baugs Group hf. vegna þessarar greiðslu til Gaums ehf.

Jón Ásgeir kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi þetta.

Jón Ásgeir spurður hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa greiðslu Baugs Group hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Jón Ásgeir segir að rætt hafi verið um þessa greiðslu innan félagsins, þó ekki í formi athugasemda. Hann kveðst muna það náið eftir þeim umræðum til að geta gert grein fyrir þeim í þessari skýrslu.

35 mkr. 14. desember 1999.

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi Group hf. hafi Baugur Group hf. þann 14. desember 1999 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 35.000.000,00 með skýringunni „Lán frá Baugi“.

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs Group hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs Group hf. nr. 720 hjá Íslandsbanka.

Jafnframt er kynnt að eftir nefnda færslu hafi krafa Baugs Group hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 201.001.430,00.

Spurt er hvort Jón Ásgeir þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 35.000.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi Group hf., dags. 14. desember 1999.

Jón Ásgeir kveðst vísa til fyrri svara sinna varðandi þetta og greinargerðar KPMG sem afhent hefur verið löggreglu.

Jón Ásgeir bendir á að samkvæmt hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi Group hf. hafi þetta verið endurgreitt þann 22.12.1999.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram að greiðsla að fjárhæð kr. 35.000.000,00, dags. 14. desember 1999 frá Baugi Group hf. til Gaums ehf. hafi verið vegna kaupa Gaums ehf. á GBP 186.500 hlutum í Debenhams PLC., Bretlandi sem seldir hafi verið 21. desember 1999 og hafi þá kr. 35.000.000,00 verið endurgreiddar inn á viðskiptareikning Gaums ehf. hjá Baugi Group hf.

Einnig er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust frá Baugi Group hf. með bréfi dags. 21. janúar 2005 hafi verið almennar umræður í stjórn Baugs Group hf. um fjárfestingu félagsins í Debenhams PLC en að mati framkvæmdastjórnar félagsins hafi greiðsla dags. 14. desember 1999 að fjárhæð kr. 35.000.000,00 verið þáttur í daglegum rekstri til að liðka fyrir samningaviðræðum við Debenhams PLC.

Spurt er með hvaða hætti milliganga Gaums ehf. með viðskipti í Debenhams PLC í Bretlandi hafi tengst og liðkað fyrir samningaviðræðum Baugs Group hf. við Debenhams PLC.

Jón Ásgeir segir að það hafi verið með þeim hætti að Gaumur hafi orðið hluthafi í Debenhams.

Kynnt er að skv. gögnum sem bárust með greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 hafi Gaumur hf., kt. 601283-0349, keypt og selt hlutabréf í Debenhams PLC í nóvember og desember 1999.

Kynnt er að skv. gögnum sem bárust með greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 hafi kaup á 186.500 hlutum í Debenhams PLC farið fram 8. nóvember 1999 og verið gerð upp 15. nóvember 1999.

Einnig er kynnt að greiðsla frá Baugi Group hf. til Gaums ehf. vegna þessara hafi farið fram 14. desember 1999.

Óskað er skýringa á því að u.p.b. einn mánuður líði frá viðskiptum Gaums ehf. með hlutabréf í Debenhams PLC og þar til Baugur Group hf. greiðir kr. 35.000.000,00 til Gaums ehf.

Jón Ásgeir kveðst telja að skýringin kunni að vera sú að upphaflega hafi verið gerður framvirkur samningur vegna viðskiptanna og sá samningur svo gerður upp í desember, án þess að geta fullyrt að svo hafi verið.

Jón Ásgeir er spurður hvort Baugur Group hf. hafi fjármagnað kaup Gaums ehf. á hlutafé í Debenhams PLC með lánveitingu dags. 14. desember 1999.

Jón Ásgeir segir svo ekki vera og vísar til skýringar KPMG sem afhent voru löggreglu.

Jón Ásgeir er spurður hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa greiðslu Baugs Group hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Jón Ásgeir kveðst ekki vita til þess.

100 mkr. 18. maí 2001.

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi Group hf. hafi Baugur Group hf. þann 18. maí 2001 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 100.000.000,00 með skýringunni

„Lán til Gaums“.

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs Group hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs Group hf. nr. 720 hjá Íslandsbanka.

Jafnframt er kynnt að eftir nefndu færslu hafi krafa Baugs Group hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 262.836.989,00.

Spurt er hvort Jón Ásgeir þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi Group hf., dags. 18. maí 2001.

Jón Ásgeir kveðst þekkja þessa færslu og kveðst vísa til fyrri svara sinna varðandi þetta sem og greinargerðar KPMG sem afhent hefur verið lögreglu.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram, varðandi nefndar kr. 100.000.000,00, að um sé að ræða fjárhæð sem greidd hafi verið frá Baugi Group hf. til Gaums ehf. vegna hlutafjárfamlags Gaums ehf. til NRG AB og hafi greiðsla Gaums ehf. til NRG AB farið fram samdægurs eða 18. maí 2001.

Einnig er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust frá Baugi Group hf. með bréfi dags. 21. janúar 2005 hafi umrædd greiðsla til Gaums ehf. ekki verið færð til bókar á stjórnarfundum Baugs Group hf. né hafi umræður um kaup í NRG AB verið færð til bókar á stjórnarfundum Baugs Group hf.

Þá er kynnt að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram að greiðsla Gaums ehf. á kr. 100.000.000,00 til NRG AB hafi verið hluti af viðskiptaáætlun um stofnun eignahaldsfélags sem Gaumur ehf. yrði hluthafi í til að byrja með en Gaumur ehf. myndi framselja verkefnið áfram til Baugs Group hf. að gefnum ákveðnum forsendum.

Enn fremur er kynnt að skv. bréfi frá Gaumi ehf. dags. 19. janúar 2005 hafi greiðsla Gaums ehf. til NRG AB dags. 18. maí 2001 verið þátttaka í hlutafjáraukningu.

Spurt er hvort samkomulag hafi verið gert á milli Baugs Group hf. og Gaums ehf. um þann framgangsmáta að Gaumur ehf. yrði í upphafi hluthafi í nefndu eignarhaldsfélagi en myndi, að gefnum tilteknum forsendum, framselja verkefnið til Baugs Group hf.

Jón Ásgeir tekur það fram, eins og hann hafi marg oft bent á, að Gaumur hafi oft á tíðum tekið fjárhagslega áhættu fyrir Baug af verkefnunum - frumáhættu á verkefnunum í þróun, s.s. Smáralind, Arcadia og NRG. Öll þessi verkefni hafi reynst vel fyrir Baug og vill Jón Ásgeir benda á að ef þessi verkefni hefðu verið tekin burt og ekki orðið til færslur á viðskipamannareikning Gaums vegna þeirra, þá hefði reikningurinn nánast verið á nálli.

Spurt er hverjir hafi komið að gerð nefndu samkomulags á milli Baugs Group hf. og Gaums ehf.

Jón Ásgeir segir að það hafi verið skilningur á milli manna að fara í þetta verkefni. Það hafi ekki dulist neinum að það var Gaumur og Reitan Gruppen sem réði Baugi.

Jón Ásgeir er spurður hvað hann eigi við þegar hann segi skilningur á milli manna.

Jón Ásgeir segir að þar sé hann m.a. að vísa til Tryggva Jónssonar og Norðmannanna hjá Reitan Gruppen, þetta félag NRG hafi einmitt tengst þeim.

Spurt er hver eða hverjir hjá Baugi Group hf. hafi tekið ákvörðun um greiðslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 til Gaums ehf. dags. 18. maí 2001.

Jón Ásgeir kveðst segir þetta byggja á sameiginlegri ákvörðun innan Baugs, hann muni það ekki nákvæmlega nú hvernig það hafi framkvæmt. Þetta hafi verið gert með það að leiðarljósi að lágmarka áhættuna fyrir Baug.

Jón Ásgeir er spurður hvort Baugur Group hf. hafi fjármagnað þáttöku Gaums ehf. í hlutafjáraukningu í NRG AB með lánveitingu dags. 18. maí 2001.

Jón Ásgeir segir svo ekki vera, unnið hafi verið samkvæmt ákveðnu viðskipta "consepti". Gaumur hafi tekið áhættuna af viðskiptunum og svo myndi Baugur yfirtaka viðskiptin, sem hafi síðar orðið raunin.

Jón Ásgeir er spurður hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa greiðslu Baugur Group hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Jón Ásgeir kveðst ekki minnast þess.

Lánveitingar Baugur Group hf. til Gaums ehf. vegna hlutafjárkaupa.

Kr. 50.529.987,00 þann 13. febrúar 2001.

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi Group hf. hafi Baugur Group hf. þann 13. febrúar 2001 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 340.529.987,00 með skýringunni „Gaumur ógr.hlutafjáraukni“.

ENN fremur er kynnt að skv. hreyfingalistanum sé samdægurs færð lækkun á viðskiptamannareikninginn með skýringunni „Gaumur greidd hlutafjárauk“

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugur Group hf. hafi mótfærslur verið gerðar á fjárhagslykil F 76730 – óinnheimt hlutafé.

Jafnframt er kynnt að eftir nefndar færslur hafi krafa Baugur Group hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 145.871.863,00.

Spurt er hvort Jón Ásgeir þekki þessar færslur að fjárhæð kr. 340.529.987,00 annars vegar og kr. - 290.000.000,00 hins vegar á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi Group hf., dags. 13. febrúar 2001.

Jón Ásgeir kveðst vilja benda á að hlutafjárútboðið hafi farið fram í desember 2000. Hann kveðst þekkja þessar færslur og hafa skýringar á þessum mismun sem hafi myndast. Hann segir að mismunurinn hafi orðið til vegna þess að Gilding hafi ætlað að taka umrædd bréf sem mismunuinn mynda. Það hafi ekki gengið eftir og Gilding ekki staðið við munnlegt samkomulag þess efnis.

Kynnt er að skv. fylgiskjölum úr bókhaldi Baugur Group hf., sbr. ofangreindar færslur á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi Group hf. og fjárhagslykil F 76730 hafi Gaumur ehf. keypt hlutabréf í hlutafjárútboði að fjárhæð kr. 340.529.987,00 í Baugi Group hf. dags. 13. febrúar 2001 og greitt samdægurs kr. 290.000.000,00. Eftirstöðvar vegna þáttöku Gaums ehf. í hlutafjárútboðinu voru þann 13. febrúar 2001 kr. 50.529.987,00.

Spurt er hvort Baugur Group hf. hafi fjármagnað þáttöku Gaums ehf. í hlutafjárútboði í Baugi Group hf.

með lánveitingu að fjárhæð kr. 50.529.987,00, dags. 13. febrúar 2001.

Jón Ásgeir kveðst benda á ofangreint svar sitt. Gaumur hafi skráð sig fyrir þessum bréfum sem Gilding hafi ætlað að taka. Þegar komið hafi að skráningu á bréfunum yfir á Gildingu hafi Gilding ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Jón Ásgeir er spurður hver eða hverjir hjá Baugi Group hf. hafi tekið ákvörðun um lánveitingu að fjárhæð kr. 50.529.987,00 til Gaums ehf. dags. 13. febrúar 2001 vegna þátttöku í hlutafjárútbóði.

Jón Ásgeir segir að það eina sem Gaumur hafi gert var að selja hluta af hlutabréfunum áfram til Gildingar. Það hafi ekki gengið eftir og því hafi Gaumur setið uppi með þessi hlutabréf.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs Group hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Jón Ásgeir kveðst ekki vita til þess að svo hafi verið.

Önnur viðskipti á milli Baugs Group hf. og Gaums ehf.

Sala Baugs Group hf. á hlutabréfum í Flugleiðum til Gaums ehf.

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi Group hf. hafi í lokafærslum þann 31. desember 1999 verið færð krafa á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 44.800.000,00 með skýringunni „Söluv. fært á Gaum“.

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs Group hf. hafi mótfærslur verið gerðar á fjárhagslykla F 55505 – Hagnaður af sölu hlutabréfa og F 65514 Hlutafé, Flugleiðir hf..

Jafnframt er kynnt að eftir nefndar færslur hafi krafa Baugs Group hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 143.068.986,00.

Spurt er hvort Jón Ásgeir þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 44.800.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi Group hf., dags. 31. desember 1999.

Jón Ásgeir kveðst þekkja til þessara viðskipta og kveðst minnast þess að Baugur hafi ekki afhent Gaumi bréfin í upphafi. Hann kveðst vísa til fyrri svara sinna og skýringar KPMG sem afhentar hafa verið RLS.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram, varðandi nefnda færslu að fjárhæð kr. 44.800.000,00, að um sé að ræða hluta lokafærslna vegna endurskoðunar hjá Baugi fyrir árið 1999 þar sem við endurskoðunina hafi komið fram að bréf í Flugleiðum sem verið höfðu í eigu Baugs Group hf. höfðu ekki verið yfirfærð til Gaums ehf. rétt eftir mitt ár 1999. Gaumur ehf. seldi hins vegar bréfin 27. ágúst 1999. Fór yfirfærslan fram á markaðsvirði í árslok 1999.

Einnig er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust frá Baugi Group hf. með bréfi dags. 5. mars 2004 hafi ekki verið gerður skriflegur samningur vegna umræddra viðskipta á milli Baugs Group hf. og Gaums ehf.

Þá er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust hjá Gaumi ehf. með bréfi dags. 5. mars 2004 að vegna þessara viðskipta hafi verið um að ræða munnlegt samkomulag á milli aðila.

Spurt er hvort hafi komið að nefndu samkomulagi á milli félaganna um viðskipti með hlutabréf í Flugleiðum hf. rétt eftir mitt ár 1999.

Jón Ásgeir kveðst telja að stjórn Baugs hafi komist að þeirri niðurstöðu að selja allar þær eignir félagsins sem ekki tengdust rekstri félagsins með beinum hætti. Hann kveðst telja að þessi hlutbréf í Flugleiðum sé hluti af því sem ákvörðun hafi verið tekin um að selja.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa færslu hlutabréfanna milli Baugs Group hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Jón Ásgeir kveðst ekki minnast þess að neinar athugasemdir hafi verið gerðar við þetta.

Kaup Baugs Group hf. á hlutabréfum í Viðskiptatrausti af Gaumi ehf.

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi Group hf. hafi Baugur Group hf. fært kröfu á hendur Gaumi ehf. að fjárhæð kr. 8.000.000,00 þann 3. desember 1999 með skýringunni „Gr. skv. samn. frá 12. mars“.

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs Group hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs Group hf. nr. 720 hjá Íslandsbanka.

Jafnframt er kynnt að eftir nefnda færslu hafi krafa Baugs Group hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 168.031.286,00.

Spurt er hvort Jón Ásgeir þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 8.000.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi Group hf., dags. 3. desember 1999.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna eftir þessari færslu. Þessi viðskipti hafi snúist um Bónuskort fyrir verslanir Bónus. Hann kveðst að öðru leyti vísa til skýringa KPMG sem afhent voru löggreglu.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram að Gaumur ehf. hafi verið eigandi 50% hluta í Viðskiptatrausti ehf. en SPRON hafi verið eigandi 50% hluta. Þá kemur og fram í greinargerð Stefáns Hilmarssonar að hinn 12. mars 1999 hafi Gaumur ehf. gert samning við SPRON um kaup Gaums ehf. á hlut SPRON í Viðskiptatausti ehf. Hafi Baugur Group hf. innt af hendi greiðsluna vegna samningsins og fært á móti greiðslunni kröfu á viðskiptareikning Gaums ehf. hjá Baugi.

Einnig er kynnt að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar komi fram að Baugur Group hf. hafi í lok júní 1999 eignast allt hlutafé Viðskiptatrausts ehf. og hafi félöginn verið sameinuð miðað við 1. janúar 2000.

Spurt er hvort Baugur Group hf. hafi fjármagnað kaup Gaums ehf. á 50% hlut í Viðskiptatrausti ehf. af SPRON með lánveitingu að fjárhæð kr. 8.000.000,00, dags. 3. desember 1999.

Jón Ásgeir segir að Gaumur hafi í raun fjármagnað kaup Baugs á Viðskiptatrausti ehf. ef þessar skýringar séu réttar.

Jón Ásgeir segir að Tryggvi Jónsson hafi séð um öll viðskipti varðandi Viðskiptatraust ehf.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs Group hf. til Gaums ehf. af

hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Jón Ásgeir kveðst ekki vita til þess.


Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Ásgeir kveðst vilja ítreka þær athugasemdir sínar við uppsetningu RLS á viðskiptamannareikningi Gaums hjá Baugi sem kemur fram á því exel skjali sem borið hafi verið undir hann við þessa yfirheyrslu. Jón Ásgeir kveðst einnig vilja benda á að í þessum viðskiptum og greiðslufrestun vegna viðskipta hafi Baugur ekki tapað einni krónu.

Jón Ásgeir kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja.


Yfirheyrslu lauk kl. 17³⁵.

Upplesið staðfest rétt eftir haft:




Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði:


Sveinn I. Magnússon

Verjandi Jóns Ásgeirs:


Gestur Jónsson, hrl.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir Grímur Grímsson löggreglufullrúi	Mál nr. 006-2002-0086	VI/4.17
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, laugardaginn 4. júní 2005, kl. 09:15		
Sakarefni: Meint brot gegn ákvæðum 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144/1994 og 26. gr. reglugerðar nr. 696/1996 um um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga		
Sakborningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala: 270168-4509	
Starf/staða: Forstjóri Baugs Group hf.	Vinnusími:	
Löghemili: Laufásvegur 69, Reykjavík	Sími: 696 9999	
Dvalarstaður:	Sími:	

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrlu hjá löggreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeilda Ríkislöggreglustjórans, samkvæmt boðun. Jón Ásgeir var forstjóri Baugs hf. frá 7. júlí 1998 til 3. júní 2002 og formaður stjórnar félagsins frá 3. júní 2002 og fram yfir þann tíma sem rannsókn löggreglu nær til. Jón Ásgeir er nú forstjóri Baugs Group hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt tilefni yfirheyrlunnar sem varðar að látið hafi verið undir höfuð leggjast að tilgreina í skýringum í ársreikningum Baugs hf. eða í skýrslum stjórnar, ef þær hafa verið hluti ársreiknings, fjárhæðir lána sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félagsins sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála. Lög nr. 144/1994 og reglugerð nr. 696/1996 ligga frammi.

Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé óskyld að tjá sig um meint sakarefni sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mál nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóni Ásgeiri að kjósi hann að tjá sig um meint sakarefni að draga þá ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Jón Ásgeir kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrlunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Með Jóni Ásgeiri er mættur Einar Þór Sverrisson hdl. samstarfsmaður skipaðs verjandi Jóns Ásgeirs, Gests Jónssonar, sem er forfallaður. Einar Þór verður viðstaddir yfirheyrluna.

Jón Ásgeir Jóhannesson óskar eftir því við upphaf yfirheyrlu að bókað verði að hann mótmæli meintum upplýsingaleka yfirmanns efnahagsbrotadeilda Ríkislöggreglustjórans, Jóns H. B. Snorrasonar til fréttamanns RÚV, Sveins Helgasonar. Jón Ásgeir segir að upplýsingalekinn frá Jón H. B. Snorrasyni til fréttamanns sé staðfestur af fréttamanninum. Jón Ásgeir kveðst áskilja sér allan rétt í þessu samhengi enda varði háttsemin, ef rétt er, við lög.

Vinna við gerð ársreikninga hjá Baugi hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt að skv. ársreikningum Baugs hf. fyrir árin 1998-2001 hafi Stefán Hilmarsson einn áritað ársreikninga Baugs hf. sem endurskoðandi fyrir árin 1998 og 1999 en Stefán og Anna Þórðardóttir fyrir árið 2000 og reikningsárið 1.1. 2001 – 28.2. 2002.

Jón Ásgeir er spurður hverjur hafi verið tengiliðir, að hálfu Baugs hf., við endurskoðendur félagsins Stefán Hilmarsson og Önnu Þórðardóttur.

Jón Ásgeir segir að það hafi verið Tryggvi Jónsson.

Jón Ásgeir er spurður hver hafi stýrt starfi endurskoðendanna.

Gþs 07158

Jón Ásgeir segir að Stefán Hilmarsson hafi verið aðalendurskoðandi Baugs á nefndu tímabili.

Jón Ásgeir er spurður hverjir hafi, að hálfu Baugs hf., unnið með endurskoðendum að undirbúningi fyrir gerð ársreikninga félagsins fyrir árin 1998-2001.

Jón Ásgeir segir að það hafi verið starfsmenn fjármálsviðs félagsins. Aðspurður hvort Tryggvi Jónsson hafi unnið að undirbúningi með endurskoðendum segir Jón Ásgeir að Tryggvi hafi verið yfirmaður fjármálasvið og sem slíkur tekið þátt í þessu starfi.

Ákvarðanir þess efnis að sérgreina ekki lánveitingar í skýringum í ársreikningi eða skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings.

Jóni Ásgeiri er kynntur eftirfarandi framburður Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda Baugs hf. sem hann gaf hjá lögreglu 5. apríl 2003. Til umræðu hafi verið viðskiptareikningar sumra hluthafa og stjórnenda Baugs hf. á tímibili frá 1998 – 2002.

„Hann segir að fljótlega eftir stofnun Baugs hf. hafi legið fyrir afstaða forstjórans, Jóns Ásgeirs, að sérgreina ekki þessa viðskiptareikninga í ársreikningunum. Hann segir að framsetning ársreikningsins hvíli endanlega á ábyrgð stjórnar og stjórnenda sem árita reikninginn, eins og fram kemur í árituninni.“

Jón Ásgeir er spurður hvort hann muni eftir viðræðum á milli hans sjálfs og Stefáns Hilmarssonar þar sem sérgreining viðskiptareikninga sumra hluthafa og stjórnenda Baugs hf. í skýringum í ársreikningum eða skýrslu stjórnar hafi verið til umræðu.

Jón Ásgeir kveðst í upphafi vilja taka fram að um engar lánveitingar til þessara aðila hafi verið að ræða. Um hafi verið að ræða viðskipti á milli Baugs og þessara aðila og segir Jón það skýrt að ekki þurfi að sérgreina slík viðskipti í ársreikningi. Jón Ásgeir segir að hann muni ekki eftir viðræðum við Stefán Hilmarsson vegna þessa.

Jón Ásgeir kveðst óska eftir að sjá skýrslu Stefáns Hilmarssonar frá 5. apríl 2003. Skýrsla vegna yfirheyrslu yfir Stefáni Hilmarsyni, dags. 5. apríl 2003 er lögð fyrir Jón Ásgeir. (skjal málsins nr. V/14.1).

Jón Ásgeir segir eftir skoðun skýrslunnar að í tilvitnað svar Stefáns vanti helming svars Stefáns og kveðst Jón Ásgeir átelja þau vinnubrögð rannsóknara að klippa hluta svara vitna eða annarra aðila þessa máls inn í yfirheyrsluskýrslur og slíta þau þannig úr samhengi við heildarsvar viðkomandi einstaklings við spurningu lögreglu. Jón Ásgeir segir að ítrekað hafi það gerst í yfirheyrslu yfir honum að þessi vinnubrögð hafi verið viðhöfð og segir Jón Ásgeir að þessi vinnubrögð geri ekkert annað en að villa um fyrir þeim sem spurðir eru.

Jón Ásgeir segir aðspurður að hann muni ekki eftir viðræðum við Stefán um sérgreiningu þessara viðskiptareikninga í ársreikningum Baugs hvorki fljótlega eftir stofnun félagsins né síðar.

Jóni Ásgeiri er kynntur eftirfarandi framburður sem hann gaf hjá lögreglu 7. apríl 2003. Til umræðu hafi verið framburður Stefáns Hilmarsson sem fyrr er getið í skýrslu þessari:

„Hann segir að einhvern tímamann fljótlega eftir stofnun Baugs hf. hafi komið upp umræða á milli þeirra Stefáns um það hvort skuldir á viðskiptareikningum stjórnenda og hluthafa væru viðskiptalán eða ekki. Jón Ásgeir hafi þá sagt Stefáni að um viðskiptalán væri að ræða og Stefán þá tekið ákvörðun um að því ætti ekki að taka þau fram í ársreikningi.“

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi einhverju við þennan framburð sinn að bæta. Skýrsla vegna yfirheyrslu yfir Jóni Ásgeiri, dags. 7. apríl 2003 er lögð fyrir hann. (skjal málsins nr. V/4.6).

Jón Ásgeir kveðst engu við þennan framburð hafa að bæta.

Jón Ásgeir er spurður hvort það sé eða hafi verið hans skilningur á ákvæðum 43. gr. laga um ársreikninga að þau lán Baugs til félagsaðila sem hann skilgreinir sem viðskiptalán hafi ekki þurft að tilgreina sérstaklega í ársreikningum eða skýrslu stjórnar ásamt sundurliðun um kjör.

Jón Ásgeir segir að hafi endurskoðendur einhværn tíma vilja birta eitthvað sérstaklega í ársreikningum félagsins þá hefði hann ekki staðið á móti því. Jón Ásgeir segir að stjórnendur Baugs hf. hafi aldrei beðið endurskoðendur félagsins að leyna nokkru fyrir hluthöfum félagsins. Jón Ásgeir segir að hann hafi aldrei farið gegn ráðgjöf endurskoðenda varðandi það hvað eigi að vera í ársreikingi og hvað ekki. Jón Ásgeir segir að hann hafi ekki haft sérstaka skoðun á ákvæðum 43. gr. laga um ársreikninga og treyst ráðgjöf endurskoðenda hvað framsetningu ársreikningsins varðar.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra þann mun sem hann geri á viðskiptalánum og öðrum lánum.

Jón Ásgeir segir að viðskiptalán séu tilkomin vegna viðskipta en önnur lán séu vegna annarra lána.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi rætt sérgreiningu krafna skv. viðskiptareikningum nokkurra hluthafa og stjórnarmanna Baugs hf. í ársreikningum félagsins við aðra en Stefán Hilmarsson.

Jón Ásgeir segir að hann muni ekki til þess.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Tryggvi Jónsson hafi í yfirheyrslu hjá lögreglu 4. apríl 2003 sagt að honum hafi verið kunnugt um að lánveitinga til framkvæmdastjóra, stjórnenda og hluthafa ætti að geta í ársreikningi.

Jón Ásgeir er spurður hvort Tryggvi Jónsson hafi komið álíti sínu á framfæri við hann, þess efnis að veita skyldi upplýsingar um kröfur á viðskiptareikningum hluthafa og stjórnarmanna svo og viðskiptakjara í skýringum í ársreikningum eða skýrslum stjórnar, hafi þær verið hluti ársreiknings. Skýrsla vegna yfirheyrslu yfir Tryggva Jónssyni, dags. 4. apríl 2003 er lögð fyrir Jón Ásgeir. (skjal málsins nr. V/5.8).

Jón Ásgeir segist í þessu sambandi vilja benda á svar Tryggva í nefndri skýrslu frá 4. apríl 2003, þ.e. að Tryggvi hafi talið að allar upplýsingar sem ættu að koma fram í ársreikningum félagsins hafi komið þar fram.

Jón Ásgeir segir að það hefði engu máli skipt varðandi framsetningu ársreikningsins hvort viðskipta við tengda aðila hefði verið getið en ráðgjöf endurskoðenda varðandi hvað ætti að koma fram og hvað ekki hafi verið tekið.

Jóni Ásgeiri er kynnt að fyrir liggi að endurskoðandi Baugs hf., Stefán Hilmarsson, hafi gert úttekt og greinargerð dags. 17. maí 2002 samkvæmt beiðni stjórnarformanns félagsins sem m.a. fjallaði um viðskipti Baugs hf. við tengda aðila. Skýrsla þessi var kynnt á stjórnarfundi Baugs þann 23. maí 2002. Þar gerði Stefán grein fyrir kröfum á hendur Gaumi, Kaupþingi, Fjárfari ofl. félagsaðila og stöðu þeirra krafna í lok reikningsársins 1.1. 2001 til 28.2. 2002. Greinargerð Stefáns er lögð fyrir Jón Ásgeir. (skjal málsins nr.II/26.1.3)

Jón Ásgeir er spurður hvers vegna þessara krafna hafi ekki verið getið í ársreikningum vegna 1.1.2001 – 28.2.2002 þrátt fyrir að stjórnendum og stjórn hafi verið gerð ítarleg grein fyrir stöðunni af hálfu endurskoðanda félagsins m.a. á fyrrgreindum stjórnarfundi þann 23. maí 2002.

Jón Ásgeir segir að eftir hótanir Davíðs Oddsonar þáverandi forsætisráðherra í eyru Hreins Loftssonar þess efnis að knésetja Baug með öllum tiltækum ráðum hafi Hreinn falið Stefáni Hilmarssyni að gera úttekt á viðskiptum félagsins við tengda aðila sem leitt hafi til þess að allir viðskiptareikningar á milli þessara aðila og Baugs hafi verið gerðir upp. Jón Ásgeir segir að þetta uppgjör hafi farið fram með útgáfu víxils í maí 2002 en Jón segir að víxill sé ígildi peninga. Jón Ásgeir kveðst í þessu sambandi vísa til bökana á stjórnarfundi félagsins í maí 2002.

Jóni Ásgeir er kynnt að víxillinn sé dagsettur 20. maí 2002.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann telji þennan víxil greiðslu á kröfum skv. viðskiptareikningum hans sjálfss, Jóhannesar Jónssonar, Kristínar Jóhannesdóttur og Gaums ehf. hjá Baugi fyrir lok reikningsárs 28.2. 2002.

Jón Ásgeir segist líta svo á.

Jón Ásgeir er spurður hvort umræða hafi verið á stjórnarfundi þann 23. maí 2002 eða á öðrum vettvangi stjórnarinnar hvort sérgreina ætti kröfur á viðskiptareikningum nokkurra félagsaðila í ársreikningi félagsins fyrir reikningsárið 1.1. 2001 – 28.2. 2002.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta tjáð sig um slíkt nema sjá fundargerðir stjórnar félagsins. Varðandi umræður þetta varðandi á öðrum vettvangi stjórnar Baugs kveðst Jón Ásgeir ekki muna eftir því.

Jón Ásgeir er spurður hver, að hans mati, hafi átt að sjá til þess að farið væri eftir ákvæðum 43. gr. laga um ársreikninga og 26. gr. reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga við framsetningu ársreikninga Baugs hf. árin 1998 – 2001.

Jón Ásgeir segir að KPMG hafi verið greitt fyrir þá þjónustu og endurskoðendur félagins hafi þannig átt að sjá til þess að eftir ákvæðum 43. gr. laga um ársreikninga væri farið.

Jóni Ásgeiri er sérstaklega bent á framburð Stefáns Hilmarssonar sem fyrr er frá greint varðandi það að framsetning ársreikningsins hvíli endanlega á ábyrgð stjórnar og stjórnenda sem árita reikninginn.

Jón Ásgeir segir að þetta sé rétt hjá Stefáni en segir að stjórn félagsins hafi ávallt tekið ráðgjöf endurskoðenda varðandi framsetningu ársreikningsins.

Jóni Ásgeiri er nú kynntur eftirfarandi framburður sem Hreinn Loftsson formaður stjórnar Baugs hf. gaf hjá löggreglu 3. apríl 2003 þegar til umræðu hafi verið lánveitingar sem væru í andstöðu við 104. gr. laga um hlutafélög:

"Hreinn er spurður hvort honum sé ekki kunnugt um skyldu skv. lögum um ársreikninga að lánveitinga sem þessara hefði ekki átt að geta í árshluta- og ársreikningum Baugs eða skýrslum stjórnar með ársreikningunum.

Hreinn segir að skylda stjórnar felist fyrst og fremst í því að sjá til þess að það sé virkt og öruggt eftirlitskerfi varðandi fjárhagsmálefni félagsins. Þessa skyldu hafi sjórn Baugs uppfyllt með því að hafa aðstoðarforsþjóra með sérþekkingu á þessu sviði og hans meginábygð var fjármál fyrirtækisins, jafnframt beitti stjórn sér fyrir því að ráðinn væri innri endurskoðandi í ársþyrjun 2000 og sérstakur fjármálastjóri með viðtæka reynslu, haustið 2001, að auki var ein öflugasta endurskoðunarstofa

landsins með ytri endurskoðun fyrirtækisins. Enginn af þessum aðilum gerði stjórn sérstaka grein fyrir þeim atriðum sem spurt er um fyrr en að frumkvæði hans hafi verið tekin saman sérstök skýrsla dags. 17. maí 2002, frá ytri endurskoðanda þar sem vakin var athygli á nokkrum atriðum sem betur máttu fara og útskýrt hvernig tekið hefði verið á öðrum atriðum.”

Jóni Ásgeiri er kynnt að svo virðist sem Hreinn Loftsson formaður stjórnar Baugs hf. telji að það hafi verið hlutverk Tryggva Jónssonar, sem aðstoðarforstjóra félagsins, með meginábyrgð á fjármálum félagsins, innri endurskoðanda, fjármálastjóra og ytri endurskoðenda að gera stjórn þess og stjórnendum grein fyrir því að lánveitinga til hluthafa og stjórnenda bæri að geta í skýringum í ársreikningum Baugs hf. eða í skýrslum stjórnar, ef þær hafa verið hluti ársreiknings.

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Hreins. Skýrsla vegna yfirheyrslu yfir Hreini Loftssyni, dags. 3. apríl 2003 er lögð fyrir Jón Ásgeir. (skjal málsins nr. V/12.1).

Jón Ásgeir segir að hann telji það rétt sem fram komi hjá Hreini að stjórn Baugs og forstjóri hafi alltaf farið eftir ráðgjöf endurskoðenda KPMG. Jón Ásgeir segir að hann minnist þess aldrei að endurskoðendur hafi viljað að fram kæmi eitthvað í ársreikningum félagsins sem stjórn eða forstjóri hafi hafnað að kæmi þar fram. Jón Ásgeir kveðst einnig vilja benda á að félagið hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni á viðskiptum við aðila tengda féluginu og það sé lykilatriði í málinu.

Jóni Ásgeiri er nú kynnt að rannsóknari hafi lokið yfirheyrslu þessari.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann vilji bæta einhverju við varðandi það efni sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

Jón Ásgeir kveður svo ekki vera.

Einar Þór Sverrisson lögmaður er spurður hvort hann vilji koma á framfæri einhverjum athugasemdum.

Einar Þór kveður svo ekki vera.

Jón Ásgeir les nú yfir skýrslu þessa.

Jón Ásgeir Jóhannesson hefur nú lokið yfirlestri skýrslu þessarar og segir rétt eftir sér haft.

Jóni Ásgeiri er nú kynnt að hann sé boðaður til yfirheyrslu sem hér segir:

miðvikudaginn 8. júní 2005, kl. 09:00,
miðvikudaginn 15. júní 2005, kl. 08:30,
fimmtudaginn 16. júní 2005, kl. 09:00 og
þriðjudaginn 21. júní 2005 kl. 09:00.

Jón Ásgeir segir að hann sé erlendis 8. júní nk. en sé laus þann 11. júní 2005, kl. 11:00. Einnig sé hann erlendis miðvikudaginn 15. júní nk. en laus þann 16. og 17. júní 2005. Jón Ásgeir kveðst vera upptekinn 21. júní nk. en hugsanlega laus þann 22. júní 2005. Jón Ásgeir segir að sá tímarammi sem komi fram í boðunni hér að framan sé óraunhæfur, til dæmis hafi það tekið lögreglu 10 mánuði að klára skýrslu um ætlaðar ólögmætar lánveitingar til Gaums og því þurfi lengri tíma en tvær vikur til að koma fram með andsvör við þeirri skýrslu.

Skýrslutöku lauk kl. 11³⁰.

Eps.

07162

Staðfest rétt eftir haft,

Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði,

Grimur Grímsson lögreglufulltrúi

Viðstaddir yfirheyrslu,

Einar Þór Sverrisson hdl.